

Markmið

Markmið námsins er að nemendur verði betur meðvituð um sjálf sig og stöðu sína í heiminum, umhverfi sitt, sögu og menningu í bæði innlendu og alþjóðlegu samhengi, til að þeir geti sem best uppfyllt þau hæfniviðmið sem Aðalnámskrá setur fram.

Kennsluaðferðir/vinnulag

7 stundir á viku að jafnaði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti; beina kennslu, samvinnunám, leitarnám, verklegar æfingar, verkefnavinnu, kannanir og ýmislegt fleira. Upplýsingatækni er veigamikill þáttur í verkefnavinnu. Unnið er í nokkrar vikur í senn í ákveðnum þemum og íslenska, enska og upplýsingatækni samtvinnað efni í samfélags- og náttúrufræði.

Námsmat

Framvinda námsins er skráð jafnt og þétt allt skólaárið í Mentor og skráð með hæfnitáknum. Námsmatið byggir á þeirri vinnu sem nemendur vinna í kennslustundum, bæði bóklegum sem og verklegum þáttum. Matsviðmið og hæfniviðmið um náttúrugreinar og samfélagsgreinar úr Aðalnámskrá eru höfð til hliðsjónar við mat á hæfni nemenda. skráð með hæfnitáknum í Mentor.

Námsgögn

Námsbækur, smáforrit, vefefni, mynd og hljóðefni, verklegar æfingar, kortabækur, spjaldtölvur og leikir.